



Fundur háskólaráðs 20. september 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 13.09.2007
Dags: 20.09.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

12/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 20. september var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Helgi Þorbergsson, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Jóhannesson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson. Inga Jóna Þórðardóttir og Matthías Páll Imsland boðuðu forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi HÍ. Umsagnir deilda og félaga stúdenta og starfsmanna um endurskoðaðar tillögur starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi HÍ sem skilað var fyrir 17. sept., ásamt samantekt.

Rektor, Ólafur Þ. Harðarson, formaður starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs gerðu grein fyrir framlögðum gögnum og var málið rætt ítarlega.

– Háskólaráð er samþykkt þeirri tillögu starfshópsins að Háskóla Íslands verði skipað í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í nokkrar deildir, eins og tillögur starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands gera ráð fyrir. Með þessum hætti gefst mikilvægt tækifæri til að styrkja skólann faglega, efla stoðþjónustu svo um munar, bæði gagnvart kennurum og stúdentum, og til að styrkja samkeppnisstöðu Háskóla Íslands í heild. Háskólaráð þakkar umsagnaraðilum fyrir vandaða umfjöllun og málefnalegar ábendingar og athugasemdir. Almennu eru deildir samþykkaðar skiptingu Háskólans í fimm fræðasvið nema lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild.

1. Háskólaráð felur rektor að ræða við forseta lagadeildar, viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar fyrir útsendingardag lokatillagna starfshópsins til fulltrúa á háskólafundi 12. október nk.
2. Ráðið felur rektor ásamt formanni starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands að ganga frá lokatillögum fyrir háskólafund og háskólaráð með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa. Sérstaklega skal hugað að eftirtöldum atriðum:
 - 2.1 Að skýra valdmörk á milli (a.) yfirstjórnar og fræðasviða, (b.) fræðasviða og deilda og (c.) deilda og námsgreina. Í þessu sambandi skal einnig hugað að stöðu rannsóknastofnana.

- 2.2 Að skýra skipulag og verkaskiptingu á sviði stoðþjónustu og stjórnsýslu. Í þessu sambandi skal einnig hugað að stoðþjónustu á vettvangi rannsóknastofnana.
- 2.3 Að skýra hæfniskröfur og val á stjórnendum.
- 2.4 Að skýra hvernig staðið verði að skiptingu fjármuna.
- 2.5 Helstu hugtökum og heitum í hinu nýja skipulagi.
- 2.6 Verk- og tímaáætlun um innleiðingu nýs skipulags og stjórnkerfis, þ.m.t. skiptingu fræðasviða í deildir.

Rektor þakkaði starfshópi háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands fyrir mikið og gott starf. Einnig þakkaði rektor þeim Halldóri Jónssyni og Magnúsi Diðrik Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu og gæðastjóra, fyrir skjóta og vandaða úrvinnslu gagna fyrir fundinn.

1.2 Fjárhagsstaða Háskólans 2007, yfirlit eftir átta mánuði.

Rektor skýrði frá því að rekstur eftir 8 mánuði væri í jafnvægi og gerði grein fyrir stöðu styrktarsjóða Háskóla Íslands. Nánari umfjöllun um fjármál frestað til næsta fundar

1.3 Framtíðarskipulag og rekstrarfyrirkomulag Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Rektor kynnti málið. Inn á fundinn komu þeir Magnús Þór Jónsson, prófessor við verkfræðideild og formaður stjórnar Endurmenntunar Háskóla Íslands (EHÍ), Róbert Ragnar Spanó, prófessor við lagadeild og fulltrúi í stjórn EHÍ og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs og gerðu grein fyrir framlagðri greinargerð starfshóps skipuðum af háskólaráði til að gera tillögur um framtíðarskipulag og þróun EHÍ. Málið var rætt ítarlega og svöruðu þeir Magnús Þór, Róbert Ragnar og Sigurður framkomnum spurningum og athugasemdum. Þakkaði rektor þeim fyrir komuna á fundinn. Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs.

1.4 Eftirfylgni við matsskýrslur sérfræðinganefnda vegna umsókna Háskólans um viðurkenningu fræðasviða, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

– Formanni gæðanefndar er falið, í samvinnu við formenn fjármálanefndar, jafnréttisnefndar, kennslumálanefndar og vísindanefndar og forseta viðkomandi deilda, að fara yfir ábendingar og athugasemdir sem fram koma í matsskýrslum sérfræðinganefnda vegna umsókna Háskóla Íslands um viðurkenningu á fræðasviðum hugvísinda, náttúruvísinda og verk- og tæknivísinda, og setja fram tillögur um hvernig brugðist verði við þeim.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Stjórnir, nefndir og ráð.

a. Öryggisnefnd skipuð skv. 6. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Skipun nefndarinnar, fjórir fulltrúar, sbr. síðasta fund.

– Samþykkt einróma að öryggisnefnd verði skipuð þeim Sveinbirni Gizurarsyni, prófessor við lyfjafræðideild, sem verði formaður, Sigurlaugu Lövdahl, skrifstofustjóra framkvæmda- og tæknisviðs, Sigríði Jónsdóttur, fræðimanni á Raunvísindastofnun og Brynjari Ólafssyni, aðjunkt í smíðum við KHÍ. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár.

b. Listasafn Háskóla Íslands. Kjör þriggja manna stjórnar, sbr. síðasta fund.

– Samþykkt einróma að stjórn Listasafns Háskóla Íslands verði skipuð þeim Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor við félagsvísindadeild, Vilhjálmi Lúðvíkssyni,

efnaverkfræðingi, fulltrúa gefenda og Hjálmarí H. Ragnarssyni, rektor Listaháskóla Íslands. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

c. Úthlutunarnefnd Háskólasjóðs Eimskíps.

– Samþykkt einróma að úthlutunarnefnd styrkja úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands verði þannig skipuð 2007-2009:

Aðalmenn:

Guðmundur Þorgeirsson, prófessor við læknadeild,

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbanka Íslands,

Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor við læknadeild og formaður vísindanefndar háskólaráðs,

Höskuldur Þráinsson, prófessor við hugvísindadeild,

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, starfandi orkumálastjóri, Orkustofnun,

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við félagsvísindadeild, sem verður formaður.

Varamenn:

Börkur Hansen, prófessor við Kennaraháskóla Íslands (fyrir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur),

Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðisviðs Landsbanka Íslands (fyrir Halldór J. Kristjánsson),

Jóhannes Rúnar Sveinsson, dósent við verkfræðideild (fyrir Helgu M. Ögmundsdóttur),

Sigríður Valgeirsdóttir, sérfræðingur, NimbleGen Systems of Iceland (fyrir Ragnheiði Ingu Þórarinsdóttur),

Svavar Hrafn Svavarsson, dósent við hugvísindadeild (fyrir Höskuld Þráinsson),

Valgerður Andrésdóttir, vísindamaður á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (fyrir Guðmund Þorgeirsson).

d. Kennslumálanefnd, sbr. fund 28. júní.

– Samþykkt einróma að framlengja umboð kennslumálanefndar um eitt ár, til og með 30. júní 2008, og að Hjálmtýr Hafsteinsson, dósent við verkfræðideild, taki sæti í nefndinni í stað Lárusar Thorlacius, prófessors sem hefur verið kjörinn forseti raunvísindadeildar.

e. Vísindanefnd, sbr. fund 28. júní.

– Samþykkt einróma að umboð nefndarinnar verði framlengt til 31. janúar 2008 og að Jón Gunnar Bernburg, lektor við félagsvísindadeild, taki sæti í nefndinni í stað Helga Gunnlaugssonar, prófessors við félagsvísindadeild sem er í veikindaleyfi.

f. Fulltrúi félagsvísindasviðs í fjármálanefnd.

– Samþykkt einróma að Aðalheiður Jóhannesdóttir, dósent við lagadeild, taki sæti í fjármálanefnd sem fulltrúi félagsvísindasviðs í stað Bjargar Thorarensen, prófessors við lagadeild sem hefur verið kjörin forseti deildarinnar.

g. Fulltrúi í stjórn Háskólaútgáfunnar.

– Samþykkt einróma að Aðalheiður Jóhannesdóttir, dósent við lagadeild, taki sæti í stjórn Háskólaútgáfunnar í stað Kristínar Ástgeirsdóttur sem tekið hefur við starfi forstöðumanns Jafnréttisstofu og lætur af störfum við Háskóla Íslands.

h. Stjórn Happraættis Háskóla Íslands.

– Samþykkt einróma að Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við lagadeild taki sæti í stjórn Happraættis Háskóla Íslands og verði formaður, í stað Páls Hreinssonar sem hefur verið skipaður dómari við Hæstarétt Íslands og lætur af störfum við Háskóla Íslands. Helgi Þorbergsson, fulltrúi verkfræði- og raunvísindasviðs sat hjá við afgreiðslu málsins.

3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Þrjú bréf menntamálaráðherra, dags. 3. september sl., þar sem ráðherra staðfestir að Háskóli Íslands uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006 og tilkynnir að Háskólinn öðlist viðurkenningu á fræðasviðum náttúruvísinda, hugvísinda og verk- og tæknivísinda.**
- 3.2 Kynningarfundur rektors með starfsfólki Háskólans 19. september sl.**
- 3.3 Dagskrá háskólafundar 19. október nk.**

4. Önnur mál

4.1 Rannsóknarreikningar kennara

Rúnar Vilhjálmsson, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora, varpaði fram spurningu um vexti af rannsóknarreikningum stofnana, kennara og sérfræðinga. Rektor sagðist mundu fela Sigurði J. Hafsteinssyni að undirbúa svar við fyrirspurninni fyrir næsta fund ráðsins.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 16.00.